

Atli Harðarson

Alþjóðleg mannréttindi

Tíminn sem við lifum, þessir síðustu þrjú eða fjórir áratugir, eru stundum kenndir við nýfrjálshyggju, einkum af þeim sem hafa horn í síðu markaðsbúskapar og alþjóðavæðingar. Það mætti kannski eins kenna þá við mannréttindi. Lykilhugtökin í stjórn málaumræðu nútímans eru markaður og mannréttindi. Þau eru bæði nátengd einstaklingshyggju og þankagangi sem gerir margt af því mestu skiptir fyrir kjör fólks ópólitískt í augum þess. Um markaðinn er alloft rætt á þeim nótum að hann sé utan við stjórn málin og pólitísk afskipti af efnahagslífinu séu einhvers konar villa. Umræða um mannréttindi gerir líka æði oft ráð fyrir að þau séu hafin yfir togstreitu og málamiðlanir og jafnvel yfir alla gagnrýni – einhvers konar endanlegur sannleikur um rétt sem allir menn hafa óháð samfélagsgerð og aðstæðum. Þótt tal um mannréttindi sé stundum hluti af andófi gegn markaðshyggju og markaðsvæðingu eru þessir tveir meginþættir í stjórn málahugsun nútímans samofnir eins og bandaríski mannfræðingurinn David Harvey (2005, bls. 176) segir í tíu ára gamalli bók um sögu nýfrjálshyggjunnar.

Í því sem hér fer á eftir beini ég sjónum að alþjóðlegum mannréttindum eins og þau hafa verið skilgreind á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Fyrst fer ég nokkrum orðum um mögulegar skýringar á því að þau eru svo mjög á dagskrá sem raun ber vitni. Síðan beini ég sjónum að þverbrestum í því sem haft er fyrir satt um mannréttindi. Með þessu reyni ég að horfa yfir umræðuheim sem er sundurleitur og nær inn á svið félagsvísinda, lögfræði, heimspeki og sögu. Slíkt yfirlit býður ekki upp á djúpa rýni í einstakar kenningar eða rökfærslur. Það er fremur til þess fallið að vekja spurningar en að svara þeim.

Samtíð og saga

Undanfarna áratugi hafa mannréttindi verið til umræðu í sífelld auknum mæli. Í fyrra kom til dæmis út bæklingur um mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar (2014) á þremur tungumálum. Árið áður gaf Reykjavíkurborg (2013) út mannréttindastefnu sína og þar áður sendi Mennta- og menningar- málaráðuneytið frá sér rit eftir Ólaf Pál Jónsson og Þóru Björg Sigurðardóttur (2012) þar sem lýðræði og mannréttindum er lýst sem „grunnþætti“ menntunar.

Það er til marks um þessa sókn mannréttindanna hér á landi, að frá árinu 1900 til ársins 1975 kom orðið „jöfnuður“ um fjórfalt oft fyrir í íslenskum blöðum heldur en orðið „mannréttindi“. Hér á ég við þau blöð sem liggja frammi á vefnum timarit.is. Eftir 1975 urðu þessi orð álíka algeng og á síðustu árum kemur orðið „mannréttindi“ mun oft fyrir en „jöfnuður“. Eftir 2007 er það til dæmis næstum tvöfalt algengara í þeim ritum sem vistuð eru á timarit.is. Svipaða sögu er að segja ef borin er saman tíðni umræðu um mannréttindi og jafnrétti. Þetta gildir ekki bara hér á landi. Að minnsta kosti virðist svipaða sögu að segja frá enskumælandi löndum (Posner, 2014, bls. 6).

Á síðustu árum hafa réttarbætur í auknum mæli verið rökstuddar með tilvísun til mannréttinda. Gott dæmi um þetta er hvernig mannréttindahugtakið gegnir lykilhlutverki í kröfum um betri kjör

fatlaðs fólks (sjá t.d. Quinn og Degener, 2002; Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir og Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2011; Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir, 2012). Fyrr á árum voru hliðstæðar réttarbætur rökstuddar með öðru orðalagi.

Menn hafa með ýmsu móti reynt að grafast fyrir um rætur þessarar áherslu á mannréttindi. Sumir, eins og til dæmis enski heimspekingurinn Anthony Clifford Grayling (2007), sjá hana sem rökrétt framhald af upplýsingarstefnunni, bandarísku stjórnarskránni og byltingum átjándu aldar. Aðrir, eins og bandaríski stjórnmálafræðingurinn Paul Gordon Lauren (2011), segja að rætur hennar séu ekki síður í kristni, íslam og fleiri trúarbrögðum sem urðu til löngu fyrr. Mér þykir trúlegt að þeir Greyling og Lauren hafi báðir nokkuð til síns máls. Hugmyndir um mannréttindi draga um sumt dóm af því sem trúarleiðtogar hafa kennt um að allir menn séu bræður og systur. Það er líka hægt að benda á líkindi með mannréttindaumræðu dagsins í dag og ýmsu sem helsti frumkvöðull upplýsingarinnar, John Locke (1986), sagði um náttúrurétt. Sá réttur kvað gilda jafnt fyrir alla menn og vera hafinn yfir valdsorðaskak hér á jörðu niðri, enda ákvarðaður af guði almáttugum. Það sem Locke ritaði um þetta efni sver sig raunar í ætt við eldri náttúruréttarhugmyndir Tómasar af Aquino (2004) sem uppi var á þrettándu öld og er jafnan er talinn með helstu heimspekingum miðaldakirkjunnar. Þegar leið á átjándu öld komu svo fram kenningar, undir áhrifum frá Locke, þar sem gert var ráð fyrir siðferðilegum rétti allra manna með mun lauslegri tengsl við guð á himnum. Slíkar hugmyndir birtust meðal annars hjá forsprökkum frönsku byltingarinnar.

Með áhrifamestu ritum um mannréttindi frá byltingarárunum undir lok átjándu aldar er bókinn *Rights of man* eftir Thomas Paine. Þar heldur Paine (1984, bls. 144) því fram að allir menn hafi réttindi sem séu algild og óháð aðstæðum. Bókin er skrifuð sem svar við riti eftir íhaldsmanninn Edmund Burke þar sem hann fór hörðum orðum um franska byltingarmenn sem gengu milli bols og höfuðs á kóngafólki og aðli í nafni mannréttinda. Burke áleit fullyrðingar um tímalaus og algild réttindi allra manna vera staðlausa stafi. Einu réttindin sem hann viðurkenndi voru afkvæmi sögu og siðar (Burke, 1969, bls. 151). Þessi deila um hvort og hvernig réttur manna er háður samfélagsgerð stendur enn og margt í tali fólks um mannréttindi nú um stundir kallast á við rökræður sem Burke, Paine og samtímamenn þeirra áttu fyrir meira en tveimur öldum síðan.

Ef til vill er að nokkru marki hægt að segja sögu mannréttindahugsjóna á seinni öldum sem sögu um afnám forréttinda og aukið jafnrétti. Undir lok átjándu aldar og fram eftir þeirri níttjándu bar mest á uppreisnum gegn forréttindum kónga og aðals. Á níttjándu og tuttugustu öld beindu baráttumenn fyrir réttarbótum spjótum sínum að yfirráðum karlkynsins og hvíttra manna af evrópskum ættum. Á síðustu árum og áratugum hefur verið sótt fram gegn forréttindum ófatlaðra og gagnkynhneigðra. Ef sagan er sögð svona þá eru kröfur fyrri tíðar manna um aukinn jöfnuð túlkaðar í ljósi þess sem sagt hefur verið um mannréttindi á síðustu árum. Slík túlkun á sögunni getur sjálfsgagt haft ýmislegt til síns ágætis og dregið fram margt sem máli skiptir. En hún skýrir engan veginn hvers vegna tal um mannréttindi er svo miklu meira áberandi nú heldur en fyrr á tímum.

Eitthvað er það við menningu samtímans sem veldur því að hugmyndir um mannréttindi eiga sér hljómgrunn. Það er erfitt að henda reiður á hvað þetta er. Ég ætla samt að freista þess að reifa þrenns konar skýringar. Fyrsta gerðin gerir ráð fyrir að trúin á mannréttindi uppfylli þörf sem áður var svalað með kristindómi eða pólitískum útópíum. Önnur gerð skýringa bendir á atburði í stjórnmálasögu síðustu áratuga sem hafa gefið mannréttindum vægi umfram það sem þau áður höfðu. Sú þriðja lítur til þess hvernig heimspekileg siðfræði hefur breyst á þann veg að ríkjandi kenningar

samræmast betur hugmyndum um algild réttindi en siðfræðin sem þótti trúlegust fram eftir síðustu öld.

Mannréttindi í stað annarra drauma

Í grein sem birtist 2007 ræðir bandaríski félagsfræðingurinn Michael A. Elliott um útbreiðslu og áhrif mannréttinda. Hann bendir á að eigi að skýra hvers vegna gamlar hugmyndir höfðu þessi áhrif fyrst nú á síðustu árum þá dugi skammt að einblína á þróun í hugmyndasögu fyrri alda. Elliott gefur líka lítið fyrir stjórn málafræðilegar skýringar sem vísa til hagsmuna ríkja og segir að þótt vissulega hafi sum ríki staðfest mannréttindasamninga vegna þess að það hafi hentað pólitískum hagsmunum þeirra, þá sé æði margt í þróun mannréttindamála sem ekki verði skýrt sem hagsmunapot. Þessi niðurstaða hefur verið staðfest af fleiri fræðimönnum (sjá t.d. Nielsen og Simmons, 2014). Ennfremur ræðir Elliott áhrif grasrótahreyfinga og bendir á að það sé engin skýring á útbreiðslu þessara hugsjóna að segja að fjöldahreyfingar standi að baki þeim. Það sem þarf að skýra er hvers vegna fjöldinn aðhyllist þær. Elliott telur að hér sé um að ræða breytingar á menningarástandi um sem næst allan heim, og þessar breytingar séu um sumt líkar útbreiðslu trúarbragða.

Síðan 2007 hafa fleiri fræðimenn skrifað um mannréttindi sem einhvers konar alheimstrúarbrögð eða pólitíska hugmyndafræði. Sú bók um þetta efni sem hvað mesta athygli hefur vakið er *The last utopia* eftir bandaríska sagnfræðinginn Samuel Moyn. Þar rekur hann sögu mannréttindamála, einkum á seinni hluta síðustu aldar, og rökstyður að þáttaskil hafi orðið 1977 þegar það gerðist um svipað leyti að Jimmy Carter tók að ræða um mannréttindi sem hornstein í utanríkisstefnu Bandaríkjanna og samtökin Amnesty international fengu friðarverðlaun Nóbels. Fram til þessa tíma segir Moyn (2010, bls. 73) að mannréttindamál hafi víðast verið á jaðri pólitískrar umræðu, nema hjá hægrihöfðingjum í Vestur-Evrópu sem notuðu tal um mannréttindi til að koma orðum að því sem þeim þótti níðangurslegast við stjórnarfar kommúnista í austurhluta álfunnar.

Fleiri fræðimenn hafa bent á að þótt mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna hafi verið samþykkt með atkvæðum 48 ríkja í desember 1948 hafi borið fremur lítið á umræðu um mannréttindamál næstu áratugi á eftir og fáir gert ráð fyrir að yfirlýsingin skipti sköpum í alþjóðamálum (Posner, 2014, bls. 17–19). Hún markaði þó tvímælalaust þáttaskil í umræðu um mannréttindi og frá því hún var samþykkt hafa réttindin sem talin eru upp í henni nánast orðið að skilgreiningaratriði, þannig að flestir sem ræða um mannréttindi eiga við réttindi af því tagi sem þar eru talin og skipta má í sex meginflokkum. Þeir varða öryggi, réttláta málsmeðferð, frelsi, þátttöku í stjórnámálum, jöfnuð og velferð (Buchanan, 2013, bls. 7–8; Nickel, 2014).

Mannréttindayfirlýsingin var ekki bindandi samningur heldur aðeins viljayfirlýsing. Eini samningurinn sem var samþykktur um leið og yfirlýsingin var Sáttmáli gegn þjóðarmorðum. Einn mikils háttar samningur öðlaðist svo gildi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á sjötta áratugnum. Hann fjallaði um réttarstöðu flóttamanna. Enn einn bættist við á þeim sjöunda þegar Alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis tók gildi 1969. Svo fór skriðan af stað 1976 þegar tveir af þeim mikilvægustu tóku gildi, annars vegar Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórn mála réttindi og hins vegar Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Þessir tveir samningar voru að vísu tilbúnir löngu fyrr en öðluðust ekki gildi fyrr en mannréttindi fengu byr í seglin. Síðan hafa bæst við samningar um afnám allrar mismununar gagnvart konum sem tók gildi 1981; gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu,

1987; um réttindi barnsins, 1990; um réttindi fatlaðs fólks, 2008; um mannhvörf, 2010 (Sameinuðu þjóðirnar, e. d.).

Moyn telur að áhersla á mannréttindi hafi fengið hljómgrunn hjá stórum hluta almennings víða um heim eftir miðjan áttunda áratuginn vegna þess að aðrir stórir draumar, svo sem um þjóðfrelsi og alræði öreiganna, höfðu glatað trúverðugleika sínum. Hann lýsir mannréttindahugsjónum sem draumórum með takmarkað jarðsamband og rökstyður að þeir hafi fyllt tómarúm í hugum fólks þegar aðrar vonir brugðust. Með þessum skrifum hristi Moyn rækilega upp í fræðilegri umræðu um efnið (Robbins, 2014).

Enski stjórn málafræðingurinn Stephen Hopgood byggir að nokkru á rannsóknum Moyn en túlkar söguna samt með öðrum hætti. Hopgood skýrir útbreiðslu mannréttindahugsjóna eins og Moyn að því leyti að hann telur þær fylla tómarúm sem varð til þegar annar átrúnaður vék úr hugum fólks. Í bók sinni *The endtimes of human rights* lýsir hann mannréttindasamtökum og stofnunum sem framhaldi af kristindómi, með trúarlegt táknmál þar sem sögur af helförinni og myndir af fórnarlömbum pyntinga hafa tekið við af krossfestingunni á Golgata og píslarvætti helgra manna. Í innangi bókar sinnar segir Hopgood (2013) að trúin á mannréttindi sé viðbrögð við því sem Nietzsche kallaði dauða guðs. Hann lýsir mannréttindasamtökum og stofnunum sem eins konar veraldlegum kirkjudeildum þar sem evrópsk borgarastétt hafi búið sér til siðferðilegt kennivald úr leifum kristinnar menningar og um leið veitt sjálfri sér gamalkunnugt umboð til að frelsa allan heiminn.

Kenningar eins og þær sem Elliott, Moyn og Hopgood halda fram gagnast einkum til að skýra hvernig hugsjónir um mannréttindi fengu hljómgrunn hjá almenningi. Þær varpa líka ljósi á hvers vegna umræða um mannréttindi hefur blæ af heilagleika og menn eru feimnir við að gagnrýna það sem sagt er. Þær duga þó tæpast til að skýra hvers vegna einmitt þessar hugmyndir urðu til þess að fylla tómarúm í menningu sem hafði glatað öðrum átrúnaði. Til að skilja það þarf að horfa til atburða í stjórn málasögu árána frá seinna stríði og fram á áttunda áratug síðustu aldar.

Atburðir í stjórn málasögu frá seinna stríði til 1977

Það er álitamál hvenær sá mannréttindabolti nútímans sem tók að stækka að ráði um 1977 byrjaði fyrst að rúlla. Stundum er sagan sögð þannig að honum hafi verið velt af stað úti fyrir strönd Nýfundnalands árið 1941 (Lauren, 2011, bls. 139). Þar hittust leiðtogar Bretlands og Bandaríkjanna, Franklin D. Roosevelt og Winston Churchill, um borð í herskipi og sammæltust um yfirlýsingu í átta liðum sem jafnan er kölluð Atlantshafsyfirlýsingin (Atlantic Charter). Hún var tilraun til að þjappa andstæðingum Öxulveldanna saman um uppbyggilega stefnu og leggja drög að skipan heimsmála að stríði loknu. Í byrjun næsta árs, 1942, hittust svo fulltrúar 26 ríkja í höfuðborg Bandaríkjanna og undirrituðu stuðning við meginatriði Atlantshafsyfirlýsingarinnar. Þessi yfirlýsing gaf fyrirheit í anda mannréttinda þar sem talað var um að fólk í öllum löndum ætti að vera frjálst undan ótta og skorti (Atlantshafsbandalagið, 2009).

Með Atlantshafsyfirlýsingunni og fleiru sem þeir létu frá sér fara á árum seinni heimstyrjaldarinnar reyndu leiðtogar bandamanna að greina sig sem mest frá Öxulveldunum, meðal annars með tali um mannhelgi og gildi kristinnar trúar. Þetta hafa þeir vafalítið gert til að stappa stálinu í landa sína. Ólíklegt er að Churchill hafi búið við að fyrirheit bandamanna yrðu, að stríði loknu, vatn á myllu þeirra sem vildu að nýlendur fengju sjálfstæði. Það er líka hæpið að Roosevelt hafi áttað sig á þýðingu þeirra fyrir réttindabaráttu blökkumanna. Leiðtogar bandamanna sem bentu á það, andstæðingum sínum til hnjóðs, að þeir mismunuðu fólki eftir ætt og uppruna, höfðu ekki allir úr mjög

háum söðli að detta. En aðstæður í stríðinu kölluðu á yfirlýsingar sem höfðu ýmiss konar áhrif síðar (Lauren, 2011, bls. 154). Þegar Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar að stríði loknu nýttust þessar yfirlýsingar meðal annars þeim, sem vildu að samtökin gerðu réttindaskrá fyrir allt mannkyn. Þær gögnuðust líka þjóðfrelshreyfingum í nýlendum Vesturlanda og fólki sem hafði búið við kúgun og áþján eins og Bandaríkjamenn af afrískum uppruna.

Þjóðarleiðtogar sem gáfu hugsjónum um mannréttindi undir fótinn um miðja síðustu öld bjuggust líklega ekki við að þær breyttu miklu fyrir stjórn málin. Þeir gerðu varla ráð fyrir að eftirlitsstofnanir og alþjóðlegir dómstólar mundu nokkrum áratugum síðar gera tilkall til íhlutunar í málefni sjálfstæðra ríkja og því síður að Helsinkiráðstefnur, og hreyfingar sem af þeim spruttu, eða stofnanir á borð við Amnesty international og Human rights watch mundu setja valdstjórn neinar skorður sem máli skiptu. Eftir stríðið stóð ekkert annað til en að sjálfstæð ríki hefðu fullt vald í öllum innri málum. Um þetta eru skýr ákvæði í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var samþykktur í San Francisco sumarið 1945. Þar segir í 2. grein: „Ekkert ákvæði þessa sáttmála heimilar hinum sameinuðu þjóðum að skipta sér af málum, sem koma í aðalatriðum undir eigin lögsögu ríkis“ (Utarríkisráðuneytið, e. d.).

Í anda þessarar áherslu á fullveldi ríkja lýsti Dwight Eisenhower því yfir 1953 að Bandaríkin mundu ekki skrifa undir neina bindandi samninga um mannréttindamál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna (Lauren, 2011, bls. 233). Á þessum árum tengdist umræða um mannréttindi helst kröfu um þjóðfrelsi og jafnrétti kynþátta. Sovétríkin gátu því nýtt sér yfirlýsingu Bandaríkjaforseta til að afla sér fylgis í þriðja heiminum. Þau kepptust við að kynna sig sem eina stórveldið sem styddi sjálfsákvörðunarrétt þjóða og stæði með þeim sem nýlenduvelðin hefðu arðrænt og undirokað. Þetta reyndist stjórnvöldum í Kreml dýrara en þau ætluðu því seinna gaf þessi málflutningur þeirra á alþjóðavettvangi andófsmönnum heimafyrir tilefni til að krefjast breyttra stjórnarháttanna í nafni mannréttinda (Lauren, 2011, bls. 308).

Þegar fulltrúar 35 ríkja reyndu að bæta samskipti milli Vesturlanda og kommúnistaríkja í Austur-Evrópu með Helsinkiyfirlýsingunni sumarið 1975, þá töldu sovísk stjórnvöld sig hafa náð sterkari stöðu en þau áður höfðu, enda fól yfirlýsingin í sér að mörk yfirráðasvæða austurs og vesturs skyldu óbreytt. Stjórnvöld í Kreml settu nokkur orð um mannréttindi, samvisku- og trúfrelsi ekki fyrir sig. Það hefði varla litið vel út þar sem þau höfðu margsagst vera málsvarar mannréttinda sem Bandaríkin virtu að vettugi. Þau sáu ekki fyrir að í framhaldinu yrðu stofnaðar Helsinkinefndir í Moskvu og fleiri borgum Austur-Evrópu og ekki heldur að þeir sem mæltu gegn kommúnisma í Vestur-Evrópu tækju í vaxandi mæli að tala um skort á mannréttindum í löndunum austan við járn-tjald. Valdsorðaskak sem ætlað var að fjölga bandamönnum Rússa í þriðja heiminum átti þannig þátt í því að tveim áratugum síðar voru mannréttindi á allra vörum sem vildu andæfa stjórnarháttum austantjalds..

Pólitíkin í kalda stríðinu kom mannréttindum fram í sviðsljósið um svipað leyti og fjöldi fólks missti trúna á að stéttabarátta mundi þoka heiminum áleiðis til farsældar. Fleira ýtti undir vaxandi trú á gildi þeirra og mikilvægi. Eitt af því var að almenn vitneskja um skelfilega meðferð nasista á fólki, útrýmingarþúðir og þjóðarmorð kallaði á endurmat á rétti ríkja til að fara algerlega sínu fram innanlands. Annað sem má nefna er að hagþróun seinni ára hefur ýtt undir einstaklingsvæðingu og einstaklingshyggju eins og þýski félagsfræðingurinn Ulrich Beck (1992) lýsir. Þessu fylgir að hver og einn á sífellt meira undir markaðnum og ríkinu en fjölskyldutengsl og bönd sem binda menn í smærri samfélög veikjast og skipta minna máli. Við þessar aðstæður verða formleg réttindi fólki ef

til vill meira virði en áður og fyrir vikið þykir eðlilegra og sjálfsagðara að hugsa um rétt einstaklinga sem kjarnann í öllu siðferði. Hér við bætist svo að um svipað leyti dró úr því að heimspekileg siðfræði afgreiddi hugmyndir um náttúru rétt sem úrelt hindurvitni. Fræðimenn opnuðu, að minnsta kosti í hálfá gátt, fyrir umræðu um siðferðileg réttindi allra manna.

Breytingar innan heimspekilegrar siðfræði

Þegar undirbúningur hófst að stofnun Sameinuðu þjóðanna á árum seinni heimstyrjaldarinnar voru hugmyndir um altæk og algild mannréttindi fjarri meginstraumum í heimspekilegri siðfræði. Þó voru til hugsuðir sem töldu rétt og mögulegt að skilgreina siðferðileg réttindi sem allir menn hefðu og væri æðri löggjöf einstakra ríkja. Framarlega í þeim flokki var Frakkinn Jacques Maritain. Hann var kaþólskur, sótti innblástur í rit Tómasar frá Aquino og hélt því fram, líkt og Tómas, að náttúru réttur setti veraldlegu valdi mörk (Maritain, 1945, bls. 24). Annar merkur frumkvöðull í mannréttindaumræðu um miðja síðustu öld var enski rithöfundurinn H. G. Wells sem skrifaði á gamals aldri bók sem heitir *The rights of man, or what are we fighting for?* Hún kom út 1940 og var dreift víða og þýdd á mörg tungumál á styrjaldarárunum. Í inngangi bókarinnar lagði Wells til að eftir stríð yrði sett réttindaskrá fyrir allt mannkyn. Réttindin sem hann stakk upp á voru blanda af frelsisréttindum og félagslegum réttindum í svipuðum anda og mannréttindayfirlýsingin sem Sameinuðu þjóðirnar samþykktu átta árum síðar. Ýmsir fleiri andans menn orðuðu hugmyndir um rétt allra manna en þær féllu ekki vel að ríkjandi heimspeki. Síðan hefur viðsnúningur orðið í heimspekilegri siðfræði. Það þykir ekki jafnsjálfsagt nú og þá að telja öll réttindi afstæð við lög, siði, venjur og hagsmuni. Þendúllinn hefur sveiflast og er heldur fjær sjónarmiðum Edmunds Burke og nær því sem Thomas Paine hélt fram á átjándu öld.

Bók sem UNESCO (Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna) gaf út árið 1949 og heitir *Human rights: Comments and interpretations*, gefur ágæta innsýn í hvað fræðimenn og spekingar víða um heim höfðu fyrir satt um mannréttindi á fyrstu árum eftir seinni heimstyrjöld. Tilefni þessarar bókaútgáfu var að árið 1946 skipuðu Sameinuðu þjóðirnar mannréttindanefnd (Human Rights Commission) sem fjallaði um væntanlega mannréttindayfirlýsingu. Á meðan nefndin starfaði bar UNESCO spurningar um mannréttindi og fræðilegar undirstöður þeirra undir hóp af félagsvísindamönnum, lögfræðingum, heimspekingum og hugsuðum. Þetta var árið 1947. Úrvali úr svörum þeirra var safnað saman í umræddri bók.

Stór hluti af þeim 32 einstaklingum sem eiga efni í bókinni lýsa efasemdum um að hægt sé að telja upp réttindi sem allir ættu að hafa, óháð samfélagsgerð og aðstæðum. Sumir sem hallir voru undir marxisma lýstu áhyggjum af að áhersla á réttindi einstaklinga yrði í anda borgaralegra stjórn mála skoðana og lítt hagstæð verkafólki. Dæmi um þessi viðhorf koma til dæmis fram hjá enska stjórn málafræðingnum Harold J. Laski (1949) sem segir að formleg einstaklingsréttindi séu afsprenghi borgaralegrar hefðar í ríkjum mótmælenda og gagnist einkum millistéttinni. Það var í anda slíkra efasemda, að þegar Mannréttindayfirlýsingin var samþykkt 1948 sátu sex alþýðulýðveldi í Austur-Evrópu hjá, ásamt Saudi-Arabíu og Suður-Afríku.

Allmargir af höfundunum tengdu mannréttindaumræðu eftir stríð við réttindayfirlýsingar átjándu aldar og náttúru réttarhugmyndir upplýsingarinnar. En það var ekki þar með sagt að þeir samþykktu þessar hugmyndir. Bandaríski stjórn málafræðingurinn Arnold J. Lien benti til dæmis á að ákall um mannréttindayfirlýsingu væri skiljanleg viðbrögð við ólýsanlegum grimmdarverkum liðinna ára. Þetta ákall væri þó, eins og réttindayfirlýsingar átjándu aldar, viðbrögð við sögulegum

aðstæðum því „réttindaskrár eru ævinlega áfellsdómur yfir þeirri valdstjórn sem var“ (Lien, 1949, bls. 24).

Enski heimspekingurinn John Lewis (1949) fullyrti að nú væri almennt litið svo á að hugmyndir um algild réttindi sem allir menn hefðu óháð aðstæðum væru byggðar á misskilningi. Ítalski heimspekingurinn Benedetto Croce tók í svipaðan streng og sagði í upphafi greinar sinnar að náttúru-réttarkenningar eins og þær sem haldið var fram á tímum frönsku byltingarinnar væru heimspeki-lega og sagnfræðilega ótækar (Croce, 1949).

Stysta greinin í bókinni er eftir Mahatma Gandhi. Niðurlagsorð hennar sýna í hnotskurn hvað hugmyndin um að til væru réttindi sem allir menn hefðu skilyrðislaust, og þyrftu ekki að ávinna sér, var fjarlæg á þessum tíma.

Ég nam það af minni ólæsu en vitru móður að öll réttindi sem eru verðskulduð og verjandi spretti af því að menn ræki vel skyldur sínar. Þannig öðlumst við því aðeins rétt til að lifa að við rækjum skyldur okkar sem borgarar heimsins (Gandhi, 1949, bls. 18).

Sumir höfundar bentu á að tvenns konar sjónarmið toguðust á í undirbúningi að gerð Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, annars vegar skoðanir þeirra sem lögðu megináherslu á frelsisréttindi og borgarleg réttindi og hins vegar þeirra sem töldu félagsleg og efnahagsleg réttindi mestu skipta. Í fyrrnefnda hópnunum voru einkum fulltrúar borgaralegra stjórn málskoðana. Í þeim síðarnefnda voru vinstri menn og talsmenn alþýðulýðveldanna í Austur-Evrópu. Þessi klofningur birtist raunar í því að mannréttindanefndin samdi tvo samninga til viðbótar við yfirlýsinguna. Annar er Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórn mála réttindi. Hinn er Alþjóðasamningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Eins og áður er getið öðluðust þessir tveir samningar ekki gildi fyrr en 1976.

Jacques Maritain ritaði inngang að bókinni og sagði þar meðal annars að þó margir væru sam-mála um að rétt væri að tilgreina réttindi sem tryggja bæri öllum mönnum væri ekkert samkomu-lag um hvaða rök réttlætti þau (Maritain, 1949). Í stuttu máli var staðan sú að það var hvorki samkomulag um hvaða réttindi skyldi telja til mannréttinda né á hvaða forsendum skyldi ákvarða hvaða réttindi tilheyrðu öllum jarðarbúum.

Annað greinasafn, sem ritstýrt var af David Daiches Raphael og kom út 1967, gefur líka innsýn hugmyndir fræðimanna um mannréttindi áður en umskiptin sem Moyn lýsir urðu á áttunda ára-tugnum. Þessi bók er safn erinda frá ráðstefnu sem haldin var 1964. Af henni má ráða að þá hafi heimspekileg umræða um mannréttindi einkum snúist um túlkun á ritum frá sautjándu öld eftir Thomas Hobbes og John Locke. Einn af þekktari höfundum sem á grein í þessari bók er kanadíski stjórn málafræðingurinn Crawford B. Macpherson (1967) sem benti á að kenningar Hobbes og Locke dygðu ekki lengur en það væri ekki komin fram nein önnur heimspekileg greinargerð fyrir mannréttindum. Hann bætti því við að stjórnspekikeningar Rousseau og Marx sem höfnuðu náttúru-rétti væru líka ófullnægjandi og það væri ekki til nein heimspeki sem rúmaði skynsamleg rök fyrir mannréttindum.

Sú heimspeki sem Macpherson kallaði eftir á ráðstefnu 1964 var lítt eða ekki komin fram, en hún var handan við hornið. Í greinasafni sem David Lyons ritstýrði og út kom 1979 skrifuðu nokkrir af fremstu siðfræðingum í hinum enskumælandi heimi um siðferðileg réttindi og færðu sín eigin rök fyrir mikilvægi þeirra. Greinarnar eru ekki athugasemdir við skrif frá fyrri öldum eins og mest ber á

í fyrrnefndu greinasafni Raphaels. Mannréttindi voru komin á dagskrá sem alvarlegt viðfangsefni samtímaheimspeki. Elstu greinarnar í safninu eru frá árunum 1955, 1963 og 1964 en flestar þeirra birtust fyrst um og eftir 1970. Ein af elstu greinunum, sem birtist upphaflega 1964, er eftir bandaríska heimspekinginn og lögfræðinginn Richard Wasserstrom. Hann ræðir um breytt andrúmsloft innan siðfræðinnar þar sem vitneskja um hryllinginn í ríki nasista og rangláta mismunun manna eftir kynþætti bæði í Bandaríkjunum og í Afríku hafi gefið tilefni til að taka hugmyndir um náttúrurétt til alvarlegrar skoðunar á nýjan leik. Hann bætir því svo við að þetta séu gamlar hugmyndir sem fyrir stuttu síðan hafi almennt verið lítils metnar (Wasserstrom, 1979).

Önnur af eldri greinunum í bókinni er eftir John Rawls (1979). Hún birtist fyrst 1963 og er raunar undanfari bókarinnar *A theory of justice* eftir Rawls sem út kom 1971 og markaði þáttaskil í heimspökilegri siðfræði. Rawls tengir siðferðilegan rétt og jöfnuð og það gera líka tveir höfundar greina sem birtust fyrst 1970, þeir Ronald Dworkin og Joel Feinberg. Með skrifum þessara þremmenninga urðu siðferðileg réttindi ekki aðeins virðingarvert viðfangsefni siðfræðinga heldur líka viðurkenndur hluti af svörum við spurningum um jöfnuð og jafnrétti.

Með hóflegri einföldun má segja að stór hluti af stjórnspeki og siðfræði nýaldar, frá Hobbes og Locke á sautjándu öld, hafi verið leit að svári við spurningum um á hvern hátt menn séu jafnir og hvernig þeir geti lifað saman sem jafningjar. Locke svaraði spurningunni með kenningu um að guð hefði gefið öllum jafnan rétt til lífs, frelsis og eignarhalds á afurðum vinnu sinnar. Rawls, Dworkin, Feinberg og fleiri heimspekingar sem voru virkir um svipað leyti endurnýjuðu þessa tengingu jafnaðar og réttinda án þess að blanda guðfræði í málið og án þess að einskorða sig við borgaraleg réttindi. Kenningar þeirra rúma líka félagsleg og efnahagsleg réttindi.

Þótt jöfnuður manna kunni að felast í jöfnum siðferðilegum réttindum er ekki þar með sagt þetta séu sömu réttindin og tíunduð eru í plöggum Sameinuðu þjóðanna. Í nýlegri bók eftir bandaríska siðfræðinginn Allen Buchanan (2013) er fjallað um heimspökilegar spurningar sem tengjast alþjóðlegum mannréttindum með ítarlegri hætti en áður hefur verið gert svo ég viti til. Buchanan rökstyður meðal annars að hæpið sé að setja samasemmerki milli réttinda sem styðjast við siðferðileg rök og mannréttindaákvæða í alþjóðlegum samningum: Sum ákvæði samninganna kunna að samsvara siðferðilegum réttindum en sum eru ef til vill eins og hver önnur löggjöf, sem ekki endurspeglar neinn rétt sem til er óháð lagasetningu. Annar siðfræðingur sem vert er að nefna og hefur nýlega sett fram kenningu um forsendur siðferðilegra réttinda er Martha C. Nussbaum. Í bók sinni *Frontiers of justice*, sem út kom 2006, rökstyður hún að réttlætið krefjist þess að tilteknir grundvallarhagsmunir einstaklinga séu varðir af samfélaginu og ekki látnir víkja fyrir öðrum hagsmunum. Af þessu leiðir að skylt er að verja umrædda grundvallarhagsmuni. Það kann samt að vera breytilegt og háð aðstæðum hvaða réttindi þarf að binda í lög til að gera það með árangursríkum hætti.

Eins og ég hef rökstutt í grein sem birtist fyrir nær tveim áratugum (Atli Harðarson, 1996) þarf að greina milli, annars vegar, siðferðilegra grundvallarréttinda sem banna að menn séu beittir ofbeldi og, hins vegar, réttinda sem þarf að binda í lög til að stemma stigu við ofbeldi. Fyrrnefndu réttindin kunna að vera óháð stundlegum aðstæðum. En af því leiðir ekki að þau síðarnefndu séu það. Þótt heimspökileg siðfræði viðurkenni siðferðilegan rétt kann samt að vera óvarlegt að álykta að einn alþjóðlegur listi yfir mannréttindi henti öllum samfélagsgerðum. En hvað sem því líður er heimspökileg siðfræði nútímans hvergi nærri eins andsnúin hugmyndinni um alþjóðleg mannréttindi og siðfræðin sem var ríkjandi um miðja síðustu öld.

Gera mannréttindi eitthvert raunverulegt gagn?

Nú má spyrja hvort þörf sé á einhverjum kenningum eins og þeim sem hér hafa verið reifaðar til að útskýra áhuga fólks á mannréttindum. Er það ekki næg skýring að flest fólk vill koma í veg fyrir niðringsskap og fólksuverk? Hún væri það ef til vill, ef það væri vitað mál að alþjóðleg mannréttindi mundu betur til þess fallin að koma góðu til leiðar en staðbundnar réttarbætur eða siðferðileg vakning af öðru tagi.

Kirkjuhöfðingjar sem guma af náungakærleika hafa látið brenna fólk á báli. Í Sovétríkjunum voru menn sendir í þrælkunarbúðir af stjórnarherrum sem þóttust ætla að rétta hlut vinnandi fólks og í Bandaríkjunum setja yfirvöld, sem segjast trúá á frelsi, mörg hundruð þúsund manns í fangelsi, oft fyrir litlar sakir. Það er ekki alltaf samræmi í orðum og gjörðum. Við hljótum því að spyrja hvort stjórnvöld sem staðfesta mannréttindasamninga fari eitthvað skár með fólk en þau sem gera það ekki.

Af því sem ég hef lesið virðist mér að fram yfir aldamót hafi flestir sem fjölluðu um mannréttindi gert ráð fyrir að mannréttindasamningar hefðu að einhverju marki tilætluð áhrif. Rannsóknir á síðustu árum benda hins vegar til að þessi áhrif séu stundum lítil eða engin.

Stjórnmálafræðingurinn Emilie M. Hafner-Burton og félagsfræðingurinn Kiyoteru Tsutsui (2007) voru með þeim fyrstu til að vekja athygli á litlum árangri af fullgildingu á samningum Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi. Þau athuguðu tvo samninga sem voru Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og Samningur gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Með því að nota gögn frá Amnesty international og Bureau of democracy, human rights, and labor hjá alríkisstjórninni í Bandaríkjunum komust þau að því, að ekkert samband væri milli mannréttindabrota og fullgildingar á þessum tveim samningum. Ríki sem ganga langt í mannréttindabrotum eru jafnlíkleg og önnur ríki til að fullgilda þá og mannréttindabrot minnka ekki við fullgildingu, að minnsta kosti ekki innan fimmtán ára, en það var sá tímarámi sem þau skoðuðu. Að mati Hafner-Burton og Tsutsui hafa samningarnir þó haft áhrif til góðs í sumum lýðræðisríkjum.

Fleiri hafa bent á að lýðræði hafi meira að segja en alþjóðasamningar um mannréttindi. Félagsfræðingurinn Min Zhou (2014) rökstyður til dæmis með vísun í tölfræðilega greiningu að ríki sem eru að þróast í átt til lýðræðis séu líklegri en önnur ríki til að staðfesta alþjóðasamninga um mannréttindi. Samkvæmt niðurstöðum Zhou stuðlar staðfesting mannréttindasamninga þó ekki að bættri vernd mannréttinda. Orsakasambandið er á hinn veginn: Aukið lýðræði, sem felur í sér bættu framkvæmd í mannréttindamálum, ýtir undir staðfestingu samninganna.

Enn einn félagsfræðingur, Rob Clark (2014), kemst að sömu bölsýnu niðurstöðunum og Hafner-Burton og Tsutsui (2007) og Zhou (2014) og segir að á árabílinu 1981 til 2010 hafi ástand mannréttindamála í heiminum versnað, aukið tal um mannréttindi hafi í reynd ekki dregið úr vondri meðferð á fólki.

Niðurstöður rannsókna á þessu efni eru þó ekki allar á einn veg. Til að mynda álitur stjórnmálafræðingurinn Christopher J. Fariss (2014) að svartsýnin sem hér hefur verið gerð grein fyrir eigi ekki við rök að styðjast og jákvætt samband sé milli staðfestingar mannréttindasamninga og batnandi ástands í mannréttindamálum. Fariss rökstyður, að mér sýnist með sannfærandi hætti, að með tímanum hafi mælikvarðar orðið strangari og skráning mannréttindabrota ítarlegri. Slík brot mælist því algengari nú en þau mundu gera ef sama mælistika væri notuð og fyrir áratugum síðan.

Í nýlegri bók dregur bandaríski lögfræðingurinn Eric A. Posner (2014) niðurstöður rannsókna á áhrifum mannréttindasamninga saman og segir að af þeim megi í besta falli ráða að fáein ákvæði þessara samninga hafi haft lítils háttar áhrif til bóta í fáeinum ríkjum. Posner bendir á að ríki sem hunsa mannréttindi fullgildi gjarna mannréttindasamninga og nefnir sem dæmi að Saudi-Arabía hafi fullgilt Samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Hann fullyrðir að sum gögn sem safnað hefur verið bendi til að ástand mannréttinda í einræðis- og alræðisríkjum hafi versnað eftir fullgildingunni samninga um mannréttindi (Posner, 2014, bls. 70–78) og að það sem af er þessari öld hafi mannréttindamálum farið aftur, ekki síst vegna þess að eftir hryðjuverkin 11. september 2001 hafa bandarísk stjórnvöld beitt pyntingum í baráttu sinni gegn hryðjuverkamönnum. Posner (2014, bls. 25) segir að bann við pyntingum sé kjarni og þungamiðja mannréttindahugsjónarinnar. Ef forysturíki telur sig geta réttlætt undanþágur frá því, þá muni mörgum þykja í lagi að önnur mannréttindi víki ef mikið liggur við.

Í inngangi bókar sinnar segir Posner (2014) að löggjöf um mannréttindi endurspegli barnalega trú á reglur („rule naiveté“). Eins og Moyn (2010) og Hopgood (2013) bendir hann á að umræðan um mannréttindi sé hugmyndafræðileg („ideological“) og styðjist of lítið við reynslu. Mér sýnist talsvert til í þessu og að mannréttindi séu hálfgerð trúarbrögð. Það eru að vísu til hugmyndir um að trúin flytji fjöll. Sjálfur hef ég aldrei séð fjall hreyft úr stað með þeirri aðferð.

Óljósar forsendur

Í því sem á undan er farið hef ég reynt að skýra hvers vegna hugmyndir um mannréttindi eiga sér hljómgrunn. Tvær af skýringunum sem ég hef reifað gefa ekki beinlínis ástæðu til að ætla að það sé endilega mikið vit í þeim. Tíska sem nýtir eitthvert tómarúm eða er fleytt áfram af pólitískum hendingum inniheldur sjaldan djúp sannindi. Þriðja skýringin gefur ef til vill ögn meira tilefni til bjartsýni. En þótt þeir sem leggja stund á heimspekilega siðfræði nú um stundir séu ekki alveg eins efins um forsendur mannréttindayfirlýsinga og fyrirrennarar þeirra um miðja síðustu öld, fer því víðs fjarri að neitt samkomulag sé um siðfræðileg rök fyrir réttindum af því tagi sem ríki heimsins hafa sammælt um á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ef til vill er þetta til marks um að heimspekilegur skilningur á siðferði verður ekki til fyrr en eftir að það hefur þróast og mótast – viskufuglinn flýgur á kvöldin eins og Hegel (1967) sagði í formála *Réttarspeki* sinnar.

Í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948 segir í 1. grein „Allir eru bornir frjálsir og jafnir öðrum að virðingu og réttindum. Allir eru gæddir skynsemi og samvisku, og ber að breyta bróðurlega hverjum við annan“ (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.). Með þessari grein eru mannréttindi annars vegar tengd hugmyndum um frelsi og jafnrétti og hins vegar því að menn hafi skynsemi og samvisku.

Í þessari fyrstu grein mannréttindayfirlýsingarinnar kemur hugtakið virðing fyrir. Á ensku og frönsku eru notuð orðin „dignity“ og „dignité“ en á þýsku og dönsku orð af sömu rót og „virðing“, nefnilega „Würde“ og „værdighed“. Þetta hugtak er að margra mati lykilatriði í umfjöllun um hugtakalegar forsendur mannréttinda (Sensen, 2011; Misztal, 2013). Ensku og frönsku orðin yfir þetta eru komin úr latínu þar sem orðið „dignitas“ merkti tign. Orðið vísaði til þess að einhver væri hátt settur eða yfir aðra hafinn. Saga þess tengist gamalli stéttaskiptingu og í ensku nútímamáli þýðir það enn að maður sé virðulegur umfram það sem almennt gerist. Það er að mínu viti umdeilanlegt hvort orðið „virðing“ er besta þýðingin á þessu. Ef til vill nær orðið „tign“ betur því sem átt er við. Í íslenskum skrifum um mannréttindi hafa orðin „göfgi“ og „mannleg reisn“ líka verið notuð.

Stundum er látið að því liggja að þetta sé einhvers konar eiginleiki sem allir hafa, einhverjir verðleikar sem fylgja því að vera mennskur og mannréttindi fyrir alla byggist á þessum eiginleika (Sensen, 2011). Það segir að vísu ekki berum orðum í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna að menn hafi réttindi vegna þess að þeir búi yfir tign, göfgi eða virðingu en bæði í Alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnámáleg réttindi og í Alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi segir að ríkin sem eru aðilar að samningunum viðurkenni að réttindin sem þar eru tilgreind séu afleiðing af meðfæddri göfgi mannsins. Í seinni tíma samningum er svipuð hugsun áréttuð. En það er hvergi útskýrt hvers konar eiginleiki þetta er. Hugtakið er ekki skilgreint enda liggur óljós hugtakanotkun í eðli alþjóðlegra samninga og yfirlýsinga. Menn með ólíkan þankagang ná ekki saman um annað en loðið orðalag.

Í áðurnefndri grein sem birtist fyrst 1970 fjallar heimspekingurinn Joel Feinberg (1979) um samband réttinda og virðingar og bendir á að ekki sé mikill munur á að bera virðingu fyrir manni og að eigna honum rétt. Þetta sé ef til vill, þegar öllu er á botninn hvolft, eitt og hið sama. Ef svo er þá getur virðing ekki skýrt tilveru réttinda eða verið forsenda þeirra eins og gefið er í skyn í samningunum sem hér voru nefndir.

Bæði hugtökin, réttindi og virðing eru nátengd jöfnuði, enda stutt á milli þess að líta á aðra menn sem jafningja, sýna þeim virðingu og telja rétt þeirra jafn mikilvægan sínum eigin. Í ljósi þessara nánu tengsla sem réttindi hafa við virðingu og jöfnuð er freistandi að segja sem svo að þau verði ekki leidd af neinum dýpri sannindum. En eins og áður er að vikið verða mannréttindapakkar Sameinuðu þjóðanna ekki leiddir í heilu lagi af þeirri forsendu að allir menn skuli virtir sem jafningjar og hafa sama rétt. Það er sönnu nær að alþjóðleg mannréttindi, eins og þau hafa þróast frá lokum seinni heimsstyrjaldar, séu ein tilraun af mörgum til að svara því með hverjum hætti allir menn eru jafningjar: Hvað er það sem við höfum til jafns þrátt fyrir ólíkar gáfur og misjafnt gengi?

Nytjastefnan sem Jeremy Bentham setti fram fyrir rúmum tveim öldum var annað svar við spurningunni um með hverjum hætti menn eru jafnir. Meginhugsunin í þeirri kenningu er að siðferði snúist um að lágmarka samanlagða kvöl og hámarka samanlagða hamingju eða farsæld allra sem geta fundið til. Samkvæmt henni eru menn ekki jafningjar vegna lista af réttindum sem allir hafa til jafns, heldur vegna þess að hamingja allra er jafn mikils virði. Nytjastefnan er að sumu leyti andstæð þeirri hugsun að til séu ófrávíkjanleg siðferðileg réttindi, enda gerir hún ráð fyrir að ef það að virða rétt eins leiðir til mikilla þjáninga eða óhamingju fyrir aðra, þá verði sá réttur að víkja. Nytjastefnumenn geta bent á það máli sínu til stuðnings að jafnvel þótt ferðafrelsi sé mikilvægt og talið til mannréttinda þá sé réttmætt að neyða mann í sóttkví ef líkur eru á að hann breiði út hættulegan smitsjúkdóm. Í tilvikum sem þessum víkur réttur einstaklings fyrir velferð fjöldans án þess jafnrétti allra manna sé hafnað.

Hér hef ég tekið nytjastefnu sem dæmi. Möguleikarnir eru fleiri enda eru flestar helstu siðfræði- og stjórnspekikennningar nýaldar öðrum þræði einhvers konar svar við spurningunni um með hverjum hætti allir menn eru jafningjar. Hugsunin á bak við alþjóðlega samninga um mannréttindi eru ekki eini kosturinn heldur einn af mörgum. Þessi hugsun er ekki sett fram sem fræðikenning þar sem hugtök eru útskýrð eða skilgreind heldur með loðnu orðalagi pólitískra málamiðlana. Fyrir vikið er fremur erfitt að gagnrýna hana með sanngjörnum hætti, að minnsta kosti ef sanngirni krefst þess að jafnan sé fundin skynsamlegasta möguleg túlkun. Ég vona samt að ég víki ekki frá kröfum um sanngirni þó ég eignir mannréttindasamningum seinni ára tvö einkenni:

1. Þeir lýsa mannréttindum eins og þau séu bæði óháð aðstæðum og hafi mjög ríkan forgang, séu jafnvel ófrávíkjanleg.
2. Þeir tilgreina mikinn fjölda mannréttinda.

Í einum af nýrri samningunum, sem fjallar um réttindi fatlaðs fólks, er fyrra atriðið áréttað með orðum eins og „óafsalanleg“, „algild“ og „ódeilanleg“. Af orðalagi í sumum af samningum Sameinuðu þjóðanna má þó ráða að mannréttindi séu ekki öll jafn ófrávíkjanleg. Í Alþjóðasamningi um borgaraleg og pólitísk réttindi segir til dæmis, í 4. grein, að ríkjum sé heimilt að víkja frá ákvæðum samningsins ef „um er að ræða almennt neyðarástand sem ógnar lífi þjóðarinnar og slíku ástandi hefur verið opinberlega lýst yfir“ en svo er bætt við að þó megi ekki víkja frá ákvæðum í nokkrum tilteknum greinum sem tryggja meðal annars hugsana- og trúfrelsi og banna manndráp, pyntingar, þrælaverslun og ólögsmætar árásir á einkalíf manna, heimili og heiður. Í Samningi gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu er líka sérstaklega tekið fram, í 2. grein, að aldrei megi „höfða til sérstakra aðstæðna af nokkru tagi, svo sem ófriðarástands, ófriðarhættu, ótryggs stjórn málaástands innanlands, eða nokkurs annars almenns neyðarástands til réttlætningar pyndingum“ (Mannréttindaskrifstofa Íslands e. d.). Af þessum ákvæðum má ef til vill ráða að mannréttindi skiptist í tvo flokka, þau sem heimilt er að víkja til hliðar í neyð og þau sem skal virða hvernig sem á stendur.

Hvað síðarnefnda atriðið varðar telur Posner (2014, bls. 151 o. áf.) upp um 300 mismunandi réttindi sem samningar Sameinuðu þjóðanna eigna fólki, en hefur þó þann fyrirvara á að sum þeirra kunni að skarast eða hafa svipað innihald. Mörg þessara réttinda virðast háð aðstæðum, eins og þróuðu efnahagslífi og hagvexti, og geta því tæpast átt við undir öllum kringumstæðum. Þannig segir til dæmis í 28. grein Samnings um rétt fatlaðs fólks að það hafi rétt til sífellt batnandi lífsskilyrða og í 7. grein Alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi segir að menn hafi rétt til frídaga á launum með vissu millibili (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e. d.).

Þessi tvö einkenni á mannréttindahugsun nútímans sem hér hefur verið lýst, fara illa saman. Það má jafnvel ganga svo langt að segja að þau stangist á.

Geta mannréttindi bæði verið margvísleg og ófrávíkjanleg?

Sveitarstjórnarmenn geta ráðið ráðum sínum um hvort þeir verja peningum í nýjan fótboltavöll eða viðgerðir á holóttum götum. Um þetta hafa þeir frjálst val. Sá möguleiki að loka grunnskólanum í einn vetur til að spara fyrir malbikun er hins vegar ekki til umræðu. Það er meðal annars vegna þess að börn eiga rétt á skólagöngu en bílstjórar eiga ekki rétt á sléttum götum.

Um það leyti sem réttindi einstaklinga komust á dagskrá sem alvarlegt umfjöllunarefni meðal heimspekinga líkti bandaríski réttarheimspekingurinn Ronald Dworkin (1978, bls. xi) þeim við tromp í spilum. Þar sem stjórnarsýsla er nokkurn veginn í lagi víkja minni hagsmunir að jafnaði fyrir meiri. Ef velferð, öryggi og almenn hamingja í sveitarfélagi eykst meira við að malbika göturnar heldur en aðrar framkvæmdir þá setja þeir sem vilja malbik út hærra spil en hinir og taka slaginn. Ef líking Dworkins stenst þá gildir þessi regla, um að minni hagsmunir víki fyrir meiri, þó ekki ef einhver spilar út réttindum. Jafnvel þótt þau virðist lítilfjörleg trompa þau háspil frá þeim sem aðeins spila út hagsmunum. Við getum til dæmis hugsað okkur að hreyfihamlað barn eigi rétt á að

komast um grunnskólann og þar vanti lyftu. Ef þetta er raunverulegur réttur barnsins, þá á sveitarstjórnin ekkert með að veða það og meta hvort frekar eigi að verja peningum í lyftu eða viðgerðir á holóttum götum.

Þegar hagsmunir eru skilgreindir sem réttindi fá þeir oftast einhvers konar friðhelgi sem þýðir að þeir þurfa ekki að vera í reiptogi við aðra hagsmuni. Það er misjafnt hvað þessi friðhelgi er mikil. Eins og nefnt var hér að framan gera mannréttindasamningar Sameinuðu þjóðanna ráð fyrir að neyðarástand geti ógilt sum réttindi einstaklinga, þau geti semsagt vikið fyrir mjög miklum hagsmunum annarra. Hvað sem líður mögulegum undantekningum vegna neyðarástands er hæpið að tala um að einstaklingur hafi rétt til einhverra gæða ef tilkall hans til þeirra er vegið og metið eins og hverjir aðrir hagsmunir. Sveitarstjórn getur til dæmis ekki viðurkennt að nemandi í hjólastól eigi rétt á að komast í kennslustundir en neitað samt að kosta lyftu í skólahúsið á þeim forsendum að það sé íbúunum í heild fyrir bestu að nota peningana í annað. Sveitarstjórn sem slíkt gerir talar eins og það séu engin tromp heldur spilað grand.

Ef réttindum fjölgar svo úr hófi fram, að ómögulegt sé að virða þau öll, þá verða þau aftur bitbein, eitthvað sem menn togast á um. Hugsum okkur að sveitarfélag veiti íbúum sínum rétt á fullkomu öryggi og heilbrigði eins og best verður á kosið, og þar með á íþróttaaðstöðu eftir þörfum hvers og eins og umferðarmannvirkjum sem standast ýtrustu kröfur. Barnið sem þarf lyftu í skólann sinn spilar út trompi en það gera hinir, sem vilja fótboltavöll og malbik, þá líka. Þegar öll spilin eru orðin tromp þá er í reynd spilað grand og ekki um annað að ræða en veða og meta hvaða hagsmunir eru mikilvægastir. Fjölgun réttinda getur dregið úr gildi þeirra og í versta falli gert þau einskis virði. Þetta á jafnt við um alþjóðleg mannréttindi eins og réttindi sem leiðir af ákvörðunum staðbundinna stjórnvalda.

Langt er síðan bent var á vanda sem fylgir fjölgun réttinda. Í áðurnefndu greinasafni Raphaels er til dæmis grein eftir enska heimspekinginn Maurice Cranston (1967) þar sem hann segir að mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna hafi eyðilegt mannréttindahugsjónina með því að telja allt of margt til mannréttinda. Síðan hafa margir tekið undir þetta sjónarmið, til dæmis kanadíski stjórnámálamaðurinn og sagnfræðingurinn Michael Grant Ignatieff sem bendir á að fjölgun réttinda leiði ekki bara til þess að það verði of dýrt að tryggja þau öll, heldur líka til þess að réttindi eins stangist í vaxandi mæli á við réttindi annars. Ef það gerist, og engin forgagnsröð réttinda er skilgreind, þá geta þau ekki virkað sem tromp af neinu tagi. Ignatieff (2001, bls. 20) segir að þegar kröfur sem stangast á eru skilgreindar sem réttindi þá verði það ekki til þess að tryggja þeim friðhelgi gegn pólitískum deilum og hagsmunapotí, heldur verði deilur um þau aðeins enn erfiðari en þær þyrftu að vera. Hann telur að kjarni mannréttindahugsjónarinnar sé að stöðva pyntingar, barsmíðar, manndráp, nauðganir og árásir á fólk og þessum tilgangi verði ekki þjónað með því að skilgreina fleiri og fleiri lífsgæði sem mannréttindi (Ignatieff, 2001, bls. 173).

Allen Buchanan (2013, bls. 286–292) ræðir þennan sama vanda, sem hann kallar réttindaverðbólgu („rights inflation“), og bendir á að mjög erfitt sé að standa gegn fjölgun réttinda sem leiði óhjákvæmilega til þess að þau verði sífellt minna virði. Eric Posner (2014, bls. 94) tekur í svipaðan streng og segir að þegar margs konar lífsgæði, sem ekki er hægt að tryggja öll í senn, eru talin til mannréttinda þá verði óhjákvæmilegt að veða þau og meta eins og hverja aðra hagsmuni. Hann bendir jafnframt á að ef hagsmunir sem varða öryggi teljast mannréttindi, þá sé auðvelt fyrir stjórnvöld að réttlæta víðtækar njósnir um fólk og skerðingu á ýmsum borgaralegum réttindum á þeim forsendum að vernd gegn glæpum og hryðjuverkum teljist líka til mannréttinda.

Setja alþjóðleg mannréttindi lýðræði of þröngar skorður?

Árið 2008 flutti þáverandi erkibiskup af Kantaraborg, Rowan Williams, erindi um mannréttindi við London school of economics. Í erindinu sem var seinna gefið út í bók (Williams, 2014) ræðir hann meðal annars hvernig tal um mannréttindi er notað til að gera sum af mikilvægustu málefnum samfélagsins ópólitísk í augum fólks. Með því að kalla eitthvað mannréttindi eru frekari rökræður stöðvaðar og látið heita að málið sé utan við verkahring þeirra sem þurfa að veða og meta andstæða hagsmuni.

Williams talaði sem fulltrúi íhaldssamrar stofnunar og fleiri fulltrúar íhaldssamra gilda hafa tekið í sama streng og minnt á að það sé ekki heillavænlegt ef eitthvað sem þarf að ræða er talið hafið yfir hvers kyns karp. Einn þeirra er Mary Ann Glendon lögfræðingur sem á tímabili var sendiherra Bandaríkjanna í Páfagarði. Í bók sinni *Rights talk: The impoverishment of political discourse* rökstyður hún að vaxandi einstaklingshyggja og áhersla á réttindi einstaklinga hafi grafið undan lýðræðislegum stjórnámálum í heimalandi sínu og færð pólitískar ákvarðanir í vaxandi mæli til dómstóla. Hún heldur því fram að réttindaumræða samtímans horfi einungis til einstaklinga og ríkis en sjá ekki stofnanir samfélagsins (Glendon, 1991, bls. 75). Hún segir líka að áherslan á réttindi verði til þess að stjórnámál snúist einkum um skammtímahagsmuni en hansi það sem hefur afleiðingar fyrir samfélagið að lengri tíma liðnum (Glendon, 1991, bls. 171).

Nú eru það svo sem ekki tíðindi að tveir eða fleiri fulltrúar íhaldssamra gilda lýsi svipuðum efasemdum um einstaklingshyggju nútímans og áherslur sem henni fylgja. En svipaðar raddir hafa líka heyrst hjá hugsuðum sem hljóta fremur að teljast róttækir en íhaldssamir (sjá t.d. Douzinas og Gearty, 2014). Raunar byrjar Williams erindi sitt á tilvitnun í bókina *After virtue* eftir skoska heimspekinginn Alasdair MacIntyre. Sú bók sætti allmiklum tíðindum í heimspekilegri siðfræði þegar hún kom út árið 1981 og hún þykir enn róttækt rit. Í henni heldur MacIntyre (1985, bls. 69) því fram að það sé engu gáfulegra að trú á mannréttindi heldur en nornir og einhyrninga – þau séu siðfræðileg hindurvitni fjarri öllum félagslegum veruleika. Þótt ef til vill sé rétt að taka svona stórkarlalegum fullyrðingum með hæfilegum fyrirvara virðist óhjákvæmilegt að samþykkja það sem Ignatieff (2001, bls. 67) og margir aðrir benda á, að margvíslegt tal um mannréttindi gerir ráð fyrir einstaklingshyggju. Að baki því býr mynd af samfélagi manna eins og það sé myndað úr einstaklingum sem tengjast í heild af því að þeir hafa sameiginlegt ríkisvald. Þeir sem vefengja einstaklingshyggju af þessu tagi líta fremur svo á að samfélag sé myndað úr mörgum minni samfélögum: Fjölskyldum, vinnustöðum, skólum, félögum, þorpum, starfsstéttum og svo framvegis. Þessi minni samfélög eru svo vitaskuld mynduð úr mennskum einstaklingum sem hver um sig tilheyrir mörgum slíkum, en er jafnframt mótaður af þeim.

Skýrasta greinargerðin sem ég þekki fyrir þessari mynd af stóru samfélagi sem flóknu samspili margra smærri er í ritum bandaríska heimspekingsins John Dewey. Í einni bóka sinna, *The public and its problems*, sem út kom 1927, ræðir Dewey um einstaklingshyggju átjándu aldar og náttúru-réttarkenningar sem tengdust henni. Hann segir að þessar hugmyndir hafi á sínum tíma gagnast til að setja valdhöfum skorður en þær séu samt langt frá því að vera vandræðalausar. Að mati Deweys var helsti ágalli þeirra að þær sýndu mennina sem einstæðinga andspænis ríkisvaldinu en horfðu fram hjá þeim mörgu minni heildum sem menning okkar er gerð úr (Dewey, 2012, bls. 88). Varnaðarorð Deweys um að upplausn smærri samfélaga geri menn að einstæðingum enduróma í skrifum margra þeirra sem vefengja ríkjandi einstaklingshyggju nú um stundir. Til dæmis lýsir

belgíski stjórn málafræðingurinn Chantal Mouffe (2014) togstreitu mannréttinda við samfélagsleg gildi á þá leið að áhersla á sammannleg réttindi sem eru óháð stund og stað gefi fyrirheit um hamingju öllum til handa en stuðli um leið að rótleysi og upplausn samfélaga.

Ég veit ekki hvað er rétt mundangshóf milli einstaklingshyggju og áherslu á velferð heildarinnar og ekki heldur að hve miklu leyti réttindi manna skulu vera söm og jöfn í ólíkum samfélögum, hvað í siðferði manna er algilt og hvað er aðstæðubundið. Mig grunar þó að skilin þarna á milli séu hlykkjótt og flókin. Að ætla sér að marka þau með lista yfir alþjóðleg mannréttindi er líklega svolítið eins og að draga landamæri með reglustiku, þvert í gegnum þorp og akra. Áherslurnar sem að baki búa eru nátengdar stjórn málahugmyndum sem eru að minnsta kosti umdeilanlegar og ættu að vera til umræðu á lýðræðislegum vettvangi. Það getur því tæpast verið æskilegt að mannréttindi séu notuð til að stöðva rökræður og færa mikilvæg efni út fyrir stjórn málin á þann hátt sem Williams lýsir. En það er samt þörf á að sumir mikilvægustu hagsmunir manna, eins og vernd gegn ofbeldi og réttur á menntun, séu utan við karp og þref.

Í flestum lýðræðisríkjum tryggir stjórnarskrá hluta þeirra réttinda sem eru talin upp í samningum Sameinuðu þjóðanna. Með þessu móti setja samfélög eigin valdstjórn skorður og verja sig að einhverju marki gegn tilhneigingum til að láta stundarhag spilla menningu og siðum. Víðast hvar er erfitt að breyta stjórnarskrá, en samt mögulegt, og almennt er stjórnarskrám ekki hlíft við gagnrýni. Öðru máli gildir um alþjóðleg mannréttindi. Það er óljóst hvort og þá hvernig almenningur getur beitt sér fyrir breytingum á þeim. Ef alþjóðlegir samningar um mannréttindi eiga að vera einhvers konar stjórnarskrá fyrir heiminn eru þeir því ef til vill ósveigjanlegri en stjórnarskrár sem gilt hafa til þessa í einstökum ríkjum.

Alþjóðleg mannréttindi kalla á alþjóðlegt vald eins og Posner (2014), Hopgood (2013) og fleiri fræðimenn hafa bent á. Það er óleyst vandamál hvernig almenningur getur veitt slíku valdi lýðræðislegt aðhald. Þetta vandamál er svo sem ekki mjög aðkallandi meðan alþjóðastofnanir sem fylgja eftir framkvæmd mannréttindasamninga eru jafn valdalitlar og raun ber vitni. Það er þó ekki hægt að loka augunum fyrir því að einn afleggjari af mannréttindastarfi Sameinuðu þjóðanna er Alþjóðaglæpadómstóllinn í Haag sem gaf út sínar fyrstu handtökuskipanir árið 2005. Þessi dómstóll dæmir fyrir brot á rétti sem kvað æðri lögum einstakra ríkja og styðst lítt eða ekki við lýðræðislegt umboð löggjafa. Þeir sem hafa helst verið dregnir fyrir þennan dóm eru stríðsmenn frá nokkrum Afríkulöndum. Afar ólíklegt er að hann rétti yfir leiðtogum stórvelda þótt þeir láti salla niður börn í fátækum sveitum með drónum og öðrum hátæknibúnaði. Voldug ríki virðast nota dómstóllinn til að aga þau valdaminni (Hopgood, 2013, bls. 166 o. áf.). Auk þess virðast þau nota tal um mannréttindi í vaxandi mæli til að réttlæta hernaðaríhlutun vítt og breitt um heiminn.

Kannski er sagan komin í hring. Hugmyndin um mannréttindi varð til á sautjándu og átjándu öld sem mótvægi við ofríki og ógnarstjórn. Hún gekk í endurnýjun lífdaga eftir miðja síðustu öld, meðal annars vegna þess að fólki blöskraði framganga valdhafa sem þóttust yfir það hafnir að standa almennum kjósendum reikningsskap ráðsmennsku sinnar. En nú eru mannréttindi notuð til að réttlæta refsikerfi sem starfar utan og ofan við allt lýðræði (Mégret, 2002).

Lokaorð

Ég hef farið hratt yfir sögu og komið víða við, enda er þessum skrifum fremur ætlað að veita yfirsýn um vítt svið en rannsaka einstök atriði ofan í kjölinn. Meðal þess sem ég hef nefnt er:

- Hvernig alþjóðleg mannréttindi fylla skarð trúarbragða og pólitísku stórasannleika í hugarheimi nútímans og verða fyrir vikið eins og hafin yfir gagnrýna umræðu.
- Hvernig mannréttindi eru í raun afsprengi stjórn málasögu þótt þau séu klædd í gervi tímalausra sanninda.
- Hvað tengsl alþjóðlegra mannréttinda við siðferði eru óljós og losaraleg og siðfræðileg rökin fyrir þeim á reiki.
- Að hætt er við að mikil fjölgun mannréttinda geri þau í raun máttlaus og áhrifalítill.
- Að þau fela í sér einstaklingshyggju og ala á tilhneigingu til að gera málefni sem eiga heima á vettvangi lýðsæðislegrar umræðu ópólitísk í augum fólks.

Ég held að það sé umhugsunarefni hvort þeim hagsmunum, sem samningum Sameinuðu þjóðanna er ætlað að verja, er ekki betur þjónað með rökræðu sem er ögn efagjarnari og gagnrýnni en obbinn af því sem sagt er um mannréttindi. Slík rökræða er líklega forsenda þess að hægt sé að skipa mannréttindum í forgangsröð eins og þarf að gera til að árekstrar milli þeirra verði ekki til að þau hætti algerlega að virka sem tromp.

Rannsóknir Hafner-Burton og Tsutsui (2007) og Zhou (2014), sem ég sagði stuttlega frá, benda til að lýðræði hafi meiri áhrif á það en mannréttindasamningar, hvort stjórnvöld níðast á þegnum sínum. Í ljósi þessa er umhugsunarefni hvort viðleitni til að draga úr ofbeldi og kúgun ætti ekki allt eins að snúast um meira og virkara lýðræði eins og réttindi einstaklinga.

Rit

Akraneskaupstaður. (2014). *Mannréttindastefna Akraneskaupstaðar*. Akranes: Höfundur.

Atlantshafsbandalagið. (2009). The Atlantic charter. Sótt 23. apríl 2015 af http://www.nato.int/cps/en/natolive/official_texts_16912.htm

Atli Harðarson. (1996). Er jafn kosningaréttur mannréttindi? *Skírnir*, 170(1), 181–187.

Beck, Ulrich. (1992). *Risk society: Towards a new modernity* (ensk þýðing Mark Ritter). London: Sage Publications.

Buchanan, Allen. (2013). *The heart of human rights*. Oxford: Oxford University Press.

Burke, Edmund. (1969). *Reflections on the revolution in France*. Harmondsworth: Penguin Books.

Clark, Rob. (2014). A tale of two trends: Democracy and human rights, 1981–2010. *Journal of human rights*, 13, 395–413.

Cranston, Maurice. (1967). Human rights, real and supposed. Í David Daiches Raphael (ritstjóri), *Political theory and the rights of man* (bls. 43–53). London: MacMillan.

Croce, Benedetto. (1949). The rights of man and the present historical situation. Í UNESCO, *Human rights: Comments and interpretations* (bls. 93–95). New York: Columbia University Press.

Dewey, John. (2012). *The public and its problems: An essay in political inquiry*. University Park, PA: The Pennsylvania State University Press.

Douzinas, Costas og Gearty, Conor. (2014). Introduction. Í Costas Douzinas og Conor Gearty (ritstjórar), *The meanings of rights: The philosophy and social theory of human rights* (bls. 1–12). Cambridge: Cambridge University Press.

Dworkin, Ronald. (1978). *Taking rights seriously*. Cambridge, MA: Harvard University Press.

Dworkin, Ronald. (1979). Taking rights seriously. Í David Lyons (ritstjóri), *Rights* (bls. 92–110). Belmont, CA: Wadsworth Publishing Company.

Elliott, Michael A. (2007). Human rights and the triumph of the individual in world culture. *Cultural sociology*, 1(3), 343–363.

- Fariss, Christopher J. (2014). Respect for human rights has improved over time: Modeling the changing standard of accountability. *American political science review*, 108(2), 297–318.
- Feinberg, Joel. (1979). The nature and value of rights. Í David Lyons (ritstjóri), *Rights* (bls. 78–91). Belmont, CA: Wadsworth Publishing Company.
- Gandhi, Mahatma. (1949). A letter addressed to the director-general of UNESCO by Mahatma Gandhi. Í UNESCO, *Human rights: Comments and interpretations* (bls. 18). New York: Columbia University Press.
- Glendon, Mary Ann. (1991). *Rights talk: The impoverishment of political discourse*. New York: The Free Press.
- Grayling, Anthony Clifford (2007). *Towards the light: The story of the struggles for liberty & rights that made the modern west*. London: Bloomsbury Publishing.
- Hafner-Burton, Emilie M. og Tsutsui, Kiyoteru. (2007). Justice lost! The failure of international human rights law to matter where needed most. *Journal of peace research*, 44(4), 407–425.
- Harvey, David. (2005). *A brief history of neoliberalism*. Oxford: Oxford University Press.
- Hegel, G. W. F. (1967). *Hegel's philosophy of right* (ensk þýðing T. M. Knox). Oxford: Oxford University Press.
- Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir og Hanna Björg Sigurjónsdóttir. (2011). Nýr mannréttindasáttmáli fyrir fatlað fólk. Í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XII: Félags- og mannvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2011*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir. (2012). Mannréttindi fatlaðs fólks og hlutverk þroskaþjálfara. *Uppeldi og menntun*, 21(1), 115–119.
- Hopgood, Stephen. (2013). *The endtimes of human rights*. Ithaca, NY: Cornell University Press.
- Ignatieff, Michael. (2001). *Human rights as politics and idolatry*. Princeton, NJ: Princeton University Press.
- Laski, Harold J. (1949). Towards a universal declaration of human rights. Í UNESCO, *Human rights: comments and interpretations* (bls. 58–92). New York: Columbia University Press.
- Lauren, Paul Gordon (2011). *The evolution of international human rights: Visions seen* (3. útgáfa). Philadelphia: University of Pennsylvania Press.
- Lewis, John. (1949). *On human rights*. Í UNESCO, *Human rights: Comments and interpretations* (bls. 54–71). New York: Columbia University Press.
- Lien, Arnold J. (1949). A fragment of thoughts concerning the nature and the fulfilment of human rights. Í UNESCO, *Human rights: Comments and interpretations* (bls. 24–30). New York: Columbia University Press.
- Locke, John. (1986). *Ritgerð um ríkisvald* (íslensk þýðing Atli Harðarson). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Lyons, David (ritstjóri). (1979). *Rights*. Belmont, CA: Wadsworth Publishing Company.
- Macintyre, Alasdair. (1985). *After virtue*. London: Duckworth.
- Macpherson, Crawford B. (1967). Natural rights in Hobbes and Locke. Í David Daiches Raphael (ritstjóri), *Political theory and the rights of man* (bls. 1–15). London: MacMillan.
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e. d.). Sameinuðu þjóðirnar - samningar. Sótt 23. apríl 2015 af <http://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/helstu-samningar-og-yfirlýsingar/sameinudu-thjodirnar>
- Maritain, Jacques. (1945). *Christianity and democracy* (ensk þýðing Doris C. Anson). London: Geoffrey Bles.
- Maritain, Jacques. (1949). Introduction. Í UNESCO, *Human rights: Comments and interpretations* (bls. 9–17). New York: Columbia University Press.
- Mégret, Frédéric. (2002). The politics of international criminal justice. *European journal of international law*, 13, 1261–1284.
- Misztal, Barbara A. (2013). The idea of dignity: Its modern significance. *European journal of social theory*, 16(1), 101–121.
- Mouffe, Chantal. (2014). Democracy, human rights and cosmopolitanism: An agonistic approach. Í Costas Douzinas og Conor Gearty (ritstjórar), *The meanings of rights: The philosophy and social theory of human rights* (bls. 181–192). Cambridge: Cambridge University Press.
- Moyn, Samuel. (2010). *The last utopia*. Cambridge MA: The Belknap Press of Harvard University Press.

- Nickel, James. (2014). Human rights. Í *The Stanford encyclopedia of philosophy*. Sótt 23. apríl 2015 af <http://plato.stanford.edu/archives/win2014/entries/rights-human/>
- Nielsen, Richard A. og Simmons, Beth A. (2014). Rewards for ratification: Payoffs for participating in the international human rights regime? *International studies quarterly*. Sótt 23. apríl 2015 af <http://hdl.handle.net/1721.1/90572>
- Nussbaum, Martha C. (2006). *Frontiers of justice: Disability, nationality, species membership*. Cambridge, MA: The Belknap Press of Harvard University Press.
- Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir. (2012). *Lýðræði og mannréttindi: Grunnþáttur í menntun á öllum skólástigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.
- Paine, Thomas. (1984). *Rights of man*. Harmondsworth: Penguin Books.
- Posner, Eric, A. (2014). *The twilight of human rights law*. New York: Oxford University Press.
- Quinn, Gerard og Degener, Theresia. (2002). Human rights and disability: The current use and future potential of United Nations human rights instruments in the context of disability. Genf og New York: United Nations, Office of the High Commissioner for Human Rights.
- Raphael, David Daiches (ritstjóri). (1967). *Political theory and the rights of man*. London: MacMillan.
- Rawls, John. (1971). *A theory of justice*. Cambridge, MA: The Belknap Press of Harvard University Press.
- Rawls, John. (1979). Constitutional liberty and the concept of justice. Í David Lyons (ritstjóri), *Rights* (bls. 26–45). Belmont, CA: Wadsworth Publishing Company.
- Reykjavíkurborg. (2013). *Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar*. Reykjavík: Höfundur.
- Robbins, Bruce. (2014). "All of us without exception": Sartre, Rancière, and the cause of the other. Í Costas Douzinas og Conor Gearty (ritstjórar), *The meanings of rights: The philosophy and social theory of human rights* (bls. 251–271). Cambridge: Cambridge University Press.
- Sameinuðu þjóðirnar. (e. d.). Human rights bodies. Sótt 23. apríl 2015 af <http://www.ohchr.org/EN/HRBodies/Pages/HumanRightsBodies.aspx>
- Sensen, Oliver. (2011). Human dignity in historical perspective: The contemporary and traditional paradigms. *European journal of political theory*, 10(1), 71–91.
- Tómas af Aquino. (2004). *Um lög* (íslensk þýðing Þórður Kristinsson). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- UNESCO. (1949). *Human rights: Comments and interpretations*. New York: Columbia University Press.
- Útanríkisráðuneytið. (e. d.). Sáttmáli hinna Sameinuðu þjóða. Sótt 23. apríl 2015 af <http://www.utanrikisraduneyti.is/verkefni/alhjoda-og-oryggissvid/un/sattmali-sameinudu-thjodanna/>
- Wasserstrom, Richard. (1979). Rights, human rights, and racial discrimination. Í David Lyons (ritstjóri), *Rights* (bls. 46–57). Belmont, CA: Wadsworth Publishing Company.
- Wells, H. G. (1940). *The rights of man, or what are we fighting for?* Harmondsworth: Penguin Books.
- Wiesel, Eli. (1999). A tribute to human rights. Í Yael Danieli, Elsa Stamatopoulou og Clarence J. Dias (ritstjórar), *The Universal declaration of human rights: Fifty years and beyond* (bls. 3–4). Amityville, NY: Baywood Publishing Company.
- Williams, Rowan. (2014). Religious faith and human rights. Í Costas Douzinas og Conor Gearty (ritstjórar), *The meanings of rights: The philosophy and social theory of human rights* (bls. 71–82). Cambridge: Cambridge University Press.
- Zhou, Min. (2014). Signaling commitments, making concessions: Democratization and state ratification of international human rights treaties, 1966–2006. *Rationality and society*, 26(4), 475–508.